



Fundargerð skipulags- og umhverfisnefndar 10. mars 2017

Fundur skipulags- og umhverfisnefndar Vopnafjarðarhrepps

10. mars 2017, haldinn í Miklagarði kl. 12:00

Mætt til fundar: Borghildur Sverrisdóttir, Baldur Kjartansson, Jakobína Ósk Sveinsdóttir, Hinrik Ingólfsson, Heiðbjört Antonsdóttir, Baldur H. Friðriksson og Höskuldur Haraldsson.

Einnig mættur Magnús Már Þorvaldsson sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. mál: **ISAVIA ohf. Vopnafjarðarflugvelli** – Umsókn ISAVIA um að fá að staðsetja gám með rafskáp á lóð félagsins innan girðingar í ca. 15 metra fjarlægð frá flugvallarhúsi. Meðfylgjandi er umsókn, samskiptapóstur, loft- og ljósmynd af vettvangi.

Skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir samhljóða að heimila stöðuleyfi fyrir gám ISAVIA sem inniheldur rafstöð og þjónar ljósabúnaði vallarins.

1. mál: **Vopnafjarðarhreppur - skipulagsmál** – Óskað er eftir að skipulags- og umhverfisnefnd ræði stefnu sveitarfélagsins í mótun ferðaþjónustu á bújörðum / landbúnaðarsvæðum í ljósi umsóknar landeigenda Ásbrandsstöðum um heimild til að reka ferðaþjónustu á afmörkuðu svæði á jörðinni. Meðfylgjandi er tölvupóstur sveitarstjóra með afgreiðslu sveitarstjórnar 16.01. sl., lýsing á skipulagsferlinu skv. Skipulagsstofnun, tölvupóstssamskipti, bréf landeigenda og afgr. nefndar 03.02.16.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að aðalskipulagið verði endurskoðað með m.a. hliðsjón af stefnumótun sveitarfélagsins í ferðaþjónustu á bújörðum. Á sveitarfélögum hvíla ýmis lögbundin verkefni sem tengjast ferðamálum, þ.á.m. skipulags-, umhverfis- og hreinlætismál.

Nefndin leggur til að sem fyrsta skref verði unnin verkefnislýsing í skipulagsgerð sem nefndin og sveitarstjórn móta í samvinnu. Hún verði síðan auglýst og kynnt. Uns niðurstaða liggur fyrir úr því ferli verður beðið með mótaðar tillögur en þess er vænst að fram komi hugmyndir eða tillögur frá almenningi og umsagnaraðilum sem hafa ber til hliðsjónar við gerð skipulagsáætlunar í framhaldinu. Samhljóða samþykkt.

1. mál: **Engihlíð v/Vatnsdalsgerði** – Ósk eigenda Vatnsdalsgerðis að skráningu á húseignininni Gistihús – fastanr. 221-9371 – verði breytt í fasteignagrunni sveitarfélagsins - verði skráð sem íbúðarhús. Meðfylgjandi tölvubréf eigenda og uppdráttur.

Skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir samhljóða breytinguna fyrir sitt leyti.

1. mál: **Hrisar** – Ósk eiganda að útihús, fastanr. 226-4612, sem gjöreyðilagðist í ofsaveðri þann 20.12. sl. verði afskráð í fasteignaskrá sveitarfélagsins. Meðfylgjandi er tölvubréf eiganda og ljósmyndir starfsmanns svf. af vettvangi.

Skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir samhljóða eftirfarandi bókun:

Um förgun á byggingarefni og öðrum úrgangi á svæðinu gildir reglugerð 737/2003 um meðhöndlun úrgangs. Fara þarf í gegnum allan úrgang á svæðinu og flytja það sem ekki er hægt að endurnota eða endurnýta til förgunar á urðunarstað Vopnafjarðarhrepps á Búðaröxl í samræmi við reglur urðunarstaðarins. Ef um spilliefni er að ræða ber að meðhöndla þau sem slík og skila til spilliefnamóttöku.

Er byggingafulltrúa falið að ljúka málinu.

1. mál: **Aðalskipulag Fljótsdalshéraðs** – Óskað er umsagnar á skipulagslýsingu / verkefnalýsingu vegna breytinga á aðalskipulagi Fljótsdalshérað 2008-2028. Var málið afgreitt í sveitarstjórn þann 02. mars sl., óskað er að skipulags- og umhverfisnefnd afgreiði málið.

Skipulags- og umhverfisnefnd Vopnafjarðarhrepps gerir engar athugasemdir við skipulags- og verkefnalýsingu vegna breytinga á aðalskipulaginu.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerðin lesin upp og samhljóða samþykkt - fundi slitið kl. 12:50.